

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimitaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimitaug í jarðlínuheimitaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimitaugargjald fyrir hina nýju heimitaug að frádregnu hálfu gjaldi fyrri heimitaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa. — Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 100.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 1 100 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmingar við nágranna-veiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þess allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. júní 1976, er Rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðahitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3 og D5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur og Rafveita Gerðahrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 44.00 hverja kWst.
12. Um kWst.-mæli á kr. 17.20 hverja kWst., auk fastagjalds, er nemi kr. 192.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í húðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 67.00 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hver kWst.

C. Vélnotkun.

31. Um kWst.-mæli á kr. 24.40 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 384.00 hvert uppsett kW. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 10.00 hver kWst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a. Um kWst.-mæli á kr. 7.05 hver kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
 - b. Um tvígjaldsmæli á kr. 41.80 hver kWst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 7.80 hver kWst. utan þess tíma.
 - c. Um tvígjaldsmæli á kr. 41.80 hver kWst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn en kr. 7.80 hver kWst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 9 020.00 fyrir hvert kW. mesta notaðs afls á árinu mælt, sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 4.76 á notaða kWst.
35. Ef ekki eru tók á að mæla mesta notað afl má selja þannig:

Um mæli á kr. 5 915.00 fyrir hvert uppsett kW. vélanna og auk þess kr. 4.76 á notaða kWst.

Ef fasviksstuðull er lægri en 0.85, getur rafveitan krafist af notanda að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra straumfrekra tækja, sem valda tilfinnanlegum spennutrufnunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

D. Hitun.

41. Um kWst.-mæli á kr. 4.88 hver kWst., án rofs.
42. Um kWst.-mæli á kr. 2.44 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
43. Um kWst.-mæli á kr. 1.32 hver kWst., í 9 klst. á tímanum frá kl. 22.00 til 07.00.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við 1.21 kWst. og söluverð disilolíu í Keflavík kr. 5.80 hver lítri. Fyrir hverja 10 aura, sem olían lækkar eða hækkar, lækkar eða hækkar kWst. um: Á gjaldskrárlið 41 3 aura, gjaldskrárlið 42 1.7 aura og gjaldskrárlið 43 1 eyri.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Rafveitan leggur til álagsstýringarrofa og annast viðhald þeirra. Kostar

notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim, samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.

- c. Að hitalagnir, þar með talið öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir, með sérstökum rofum og hitastillir notaður.

E. Önnur raforkusala.

51. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða, á kr. 13.20 hverja kWst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutæki fasttengd.
52. Til nota fyrir vinnuljósalagnir meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 24.64 hver kWst.
53. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.20 hver kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 4.07 hver kWst. á tímanum frá kl. 22 til 8.30 og kr. 10.00 hver kWst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
54. Til gatnalýsingar á kr. 10.00 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó að tilskyldu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá fjaldskrárlið C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrar-notkun að ræða. — Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 66.70 á mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 79.40 — —
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 198.00 — —
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 298.00 — —
5. Af álagsstýringarliðum	— 298.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 420.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 420.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráða-birgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur/málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr./m
63 A 1-fasa	72 952.00	innifalið
63 A 3-fasa	78 738.00	—
100 A —	93 600.00	—
200 A —	150 865.00	—
315 A —	314 413.00	—
300 kVA —	439 384.00	samk. kostnaði
500 kVA —	733 477.00	— —
800 kVA —	1 172 853.00	— —

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾²⁾	
		Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./m
63 A 1-fasa	12 936.00	1 925.00	24 365.00
63 A 3-fasa	18 161.00	1 925.00	28 336.00
100 A 3-fasa	19 261.00	2 475.00	32 483.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

KVA merkir málraun spennis í kilóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma — og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðar-reikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögð frá útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiði hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Keflavíkur og Gerðahrepps hefur samið, staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi numdar eldri gjaldskrár Rafveitu Keflavíkur og Rafveitu Gerðahrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

29. júní 1976.

Nr. 261.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1 Kr. 48.89 hver kWst. til lýsingar.
 A—2 Kr. 13.87 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 7 070 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 210.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B—1 Um tvo kWst. mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 48.89 hver kWst. til ljósa og kr. 11.20 hver kWst. til suðu og hitunar.
 B—2 Kr. 9.25 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 74.40 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, ennfremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.
 B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 9.63 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 23.59 hver kWst. til iðnaðar.
 C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 7 790.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 4.00 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.
 C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 6 920.00 hvert kW sem er fram yfir 50 kW og kr. 3.77 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.
 C—4 Kr. 13.84 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.